


# Vefrit fjármálaráðuneytisins

27. apríl 2006

## Þróun einkaneyslu

Í nýrri [þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins](#) er fjallað um framvindu hagkerfisins á komandi árum. Nokkra breytingu er að merkja frá janúarspá ráðuneytisins sem rekja má annars vegar til þess að hag-tölur fyrri ára hafa tekið umtalsverðum breytingum og hins vegar hefur ókyrrð á alþjóðlegum fjármálamörkuðum borist hingað til lands. Við það hefur gengi krónu og hlutabréfa lækkað þótt lækkinun hafi nú gengið að hluta til baka. Af þessum sökum hefur vöxtur einkaneyslu á þessu ári og því næsta verið endurskoðaður til lækkunar. Spurt hefur verið hvort vöxtur einkaneyslu verði ekki minni en nú er spáð. Í því samhengi er vitnað í reynsluna af síðustu hagsveiflu þegar einka-neysla dróst saman árin 2001 og 2002.

### Þróun einkaneyslu og tengdra þátta 1998-2007




Eins og meðfylgjandi mynd sýnir er margt ólíkt með núverandi og síðustu hagsveiflu. Gert er ráð fyrir að veiking gengis krónunnar í ár verði helmingi minni en árið 2001 en gengið hefur mikil áhrif á kaupmátt landsmanna erlendis. Fasteignaverð hefur hækkað meira en í fyrri uppsveiflu. Í því samhengi er rétt að benda á að hrein eign landsmanna, sem samanstendur m.a. af húsnæðisauði og lífeyris-sparnaði, hefur aukist um 60% árin 2003-2005 en til samanburðar var aukningin árin 1998-2000 um 34%. Auðsáhrif á einkaneyslu hafa því verið meiri í þessari uppsveiflu en hinni fyrri. Árin 2006-2007 er gert ráð fyrir áframhaldandi en hægari vexti fasteignaverðs og hreinnar eignar landsmanna. Lausafjárstaða heimilanna hefur batnað við það að raunvaxtakostnaður þeirra árin 2004-2005 var að meðaltali 25% lægri en árin 2000 og 2001. Reiknað er með að hann haldist lægri í ár og á næsta ári en fyrir fimm árum. Þá er spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist mun meira þessi ár en í niðursveiflunni þegar hann var óbreyttur. Skattalækkanir munu auka kaupmátt ráðstöfunartekna á mann allt að 2,7% á næsta ári, en slíku var ekki til að dreifa í síðustu niðursveiflu. Að lokum er rétt að benda á þann mun að yfirstandandi stóriðjuframkvæmdir eru enn í fullum gangi í ár og lýkur á því næsta. Í fyrri uppsveiflu lauk stóriðjuframkvæmdum árið 1998 en þær voru jafnframt mun minni en núverandi framkvæmdir. Að öllu þessu athuguðu er niðurstaðan sú sem hefur verið birt.

## Fjárfesting ríkissjóðs

Að undanfögnu hefur verið nokkur umræða um framkvæmdir á vegum ríkisins í tengslum við þenslu í efnahagslífinu. Í því sambandi er rétt að benda á að ríkissjóður hefur tímabundið dregið verulega úr fjárfestingu sinni á meðan á stóriðjuframkvæmdum stendur. Frá 2000 til 2003 nam fjárfesting ríkissjóðs að jafnaði um 11% af heildarfjárfestingu í landinu, en um 6,2% í fyrra og áætlað er að hún verði um 4,4% af heildarfjárfestingu á þessu ári. Þess ber að geta að heildarfjárfesting hefur aukist mjög mikið á tímabilinu vegna fjárfestingar í virkjunum og álverum auk þess sem fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur aukist. Ef lítið er á fjárfestingu ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) þá lækkar hún úr að meðaltali 2,2% árin 2000-2003, í 1,8% árið 2005 og er áætluð 1,2% af VLF í ár.

### Fjárfesting ríkissjóðs sem hlutfall af VLF 2000-2006



Fjárfesting ríkissjóðs minnkar um 6 milljarða króna frá árinu 2003, þegar hún var í hámarki, til ársins í ár, eða rúm 30% að nafnvirði. Ef lítið er á áætlun fjárlaga fyrir árið 2006 eru fjárfesting og fjármagns-tilfærslur ríkissjóðs áætlaðar 13,6 ma.kr., þar af fara tæpir 6 ma.kr. til vegamála, 1,6 ma.kr. til heilbrigðisstofnana, tæpir 1,6 ma.kr. í mennta-stofnanir og rúmlega 800 m.kr. í hafnir.

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2006

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu eykst handbært fé frá rekstri um 23,8 ma.kr. innan ársins, sem er 15,4 ma.kr. hagstæðari útkoma en í fyrra. Þá er útkoman 19,9 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 20,3 ma.kr. hærra en í fyrra meðan gjöldin jukust um 4,1 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 21,3 ma.kr. sem er 5,8 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 99,7 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi þessa árs sem er 25,5% meiri innheimta en á sama tíma í fyrra. Ef tillit er hins vegar tekið til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkinun 21,4%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 91,3 ma.kr. sem er 21,6% hækkinun frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,3% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 16,5%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 41 ma.kr. og jukust um 40% milli ára. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam hún ríflega 13,9 ma.kr. sem er 45,4% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 4,3 ma.kr. hækkinun tekjuskatts lögaðila að mestu af áður nefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, um 16,1%, en á sama tíma hækkaði launavísitalan um 8,5%. Innheimta eignarskatta nam 3 ma.kr. sem er lækkun um 16,3% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld um 2,2 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman frá fyrra ári um 8,9%.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 20,5% frá fyrra ári. Þannig hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist um 25,1% sem jafngildir 19,9% raunhækkinun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af okutækjum skiluðu tæpum þriðjungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en á fyrstu þremur mánuðum þessa árs fjölgaði nýskráðum bifreiðum um 37,4% frá sama tímabili í fyrra.

Greidd gjöld nema 74,4 ma.kr. og hækka um 4,1 ma.kr. milli ára, eða um 5,9%. Í gjaldaflokknum almennatryggingar og velferðarmál varð 1,3 ma.kr. aukning milli ára. Næstmest er aukningin í heilbrigðismálum og menntamálu. Samtals vega þessir þrjú málaflokkar tæplega 2/3 af heildargjöldum. Útgjöld til löggæslu hækka um 0,5 ma.kr., eins og gjöld til menningarmála. Á móti hækkinunum vegur 1,2 ma.kr. lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs. Í janúar í fyrra var stór flokkur spariskírteina forinnleystur sem skýrir að mestu lækkun milli ára.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	22,8	25,9
Skattar á tekjur og hagnað	23,3	40,0
Eignarskattar	51,4	-16,3
Skattar á vöru og þjónustu	20,7	20,5
Tryggingagjöld	20,5	16,1
Tekjur alls	22,9	25,5

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	12,0	-2,0
Heilbrigðismál	13,1	6,3
Alm.tr trygg. & velferðarmál	3,4	8,6
Efnahags- og atvinnumál	5,2	-4,4
Menntamál	11,5	13,9
Gjöld alls	8,0	5,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-mars		
Milljónir króna	2005	2006
Handbært fé frá rekstri	9.301	23.741
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	15.511	21.286
Afborgun lána	-11.404	-9.070
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	3.257	11.226
Lántökur	1.094	1.532
Greiðsluafkoma	4.351	12.758

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (apríl '06)	4,3	5,5
Kjarnaverðb. 1 (apríl '06)	4,6	4,6
Launavísitala (mars '06)	6,5	8,6
Heildarvelta (jan.-des. '05)	12,2	8,9
Smás.velta (jan.-des. '05)	5,1	5,5
Atv.leysi, árstlr. (mars '06)	2,3	1,2